



Safnahúsið Ísafirði Gamla sjúkrahúsið

Ársskýrsla 2014

Ársskýrsla safnanna í Safnahúsinu 2014

Gamla sjúkrahúsið hýsir Bæjar- og héraðsbókasafnið Ísafirði, Héraðsskjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Húsið var vígt sem safnahús árið 2003.

Þann 8. desember 1987 samþykkti bæjarstjórn að gamla sjúkrahúsið yrði gert að safnahúsi. Það varð svo eitt af menningarhúsum bæjarins í kjölfar menningarhúsasamnings við ríkissjóð.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar þann 12. júní 2003 skyldi Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni framvegis nefnast Safnahúsið Eyrartúni. Jafnframt var samþykkt að merki hússins yrði mynd af framhlið þess.

Vefur safnanna er www.safnis.is en vefurinn var tekinn í notkun á árinu.

Bókasafnið

Bókasafnið á Ísafirði starfar samkvæmt bókasafnslögum, nr. 150 frá 2012. Í 1. grein segir að hlutverk bókasafna sé að vera „...þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.“ Einnig segir í 6. grein: „ Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“

Bókasafnið mun setja sér leiðarljós og markmið í samræmi við lögin.

Lykiltölur:

Útlán: 17.915 (19.147)

Útlán á íbúa í Ísafjarðarbæ: 4.9 (5.6)

Millisafnalán: fengið 68/sent 17 (36/23)

Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar : 26 (12)

Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 7 (3)

Afgreiðslustundir á viku: 28 (28)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok: 51.978 (47.651)

Sumarlestur: 53 (48)

Starfsfólk: 3 (3). Stöðugildi: 2.60 (2,50.)

Aðföng á árinu voru 305(börn)/658(fullorðnir) eintök.

Afskriftir vegna slita/grisjunar voru 3.526.

Þjónusta safnsins:

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglunga. Upplýsingaþjónusta er snar þáttur í starfsemi bókasafnsins. Almennungur, skólar, stofnanir og fólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir.

Bókasafnið leitast við að bjóða upp á dagskrár sem tengjast bókmenntum.

Starfið á árinu:

Haldið áfram að skrá og tengja efni í Gegni, hafist handa í janúar við að skrá bækur í geymslum aðrar en skáldsögur. Einn nemi í bókasafns- og upplýsingafræði var í námsvinnu í eina viku.

Þann 1. febrúar afhenti Glæpafélag Vestfjarða Tindabikkjuna, verðlaun glæpafélagsins, „á Bókasafninu á Ísafirði þar sem allar glæpabækur þjóðarinnar eiga einmitt samastað.“

Marsmánuður gekk undir nafninu „pólskur mars“ með dagskrá og sýningum helguðum Póllandi og Pólverjum, verkefnið var unnið í samvinnu við Félag Pólverja á Vestfjörðum. Ljóðverkefnið ORT var kynnt, sögustund á pólsku, örnámskeið á pólsku fyrir fullorðna, tónlistarflutningur og sýning á pólskum þjóðbúningum er meðal þess sem gert var í mánuðinum. Sem framhald af pólska mánuðinum hófust reglulegar pólskar sögustundir um haustið sem pólskur leikskólakennari sá um í sjálfböðavinnu, aðsókn var góð.

Sumarlestur barna var á sínum stað í júní, júlí og ágúst, og einnig sumarlestur fullorðinna.

Bókasafnið tók þátt í bókasafnsdeginum að vanda þann 8. september með dagskrá þar sem Nina Ivanova grafískur hönnuður fjallaði um bókahönnun. Einnig var boðið upp á bókasjall þar sem lesarinn Svanhildur Þórðardóttir sagði frá uppáhaldsbókunum sínum og skoraði síðan á næsta lesara. Þar með hófst vinsæll viðburður sem haldið hefur verið áfram með.

Veturnætur voru haldnar í Ísafjarðarbæ 23. – 25. okt. Bókasafnið var með stóran bókamarkað og síðan var „pop-up“ ljóðalestur í boði bókasafnsins í bænum á löngum laugardegi, sem vakti mikla athygli en stúlkur úr LÚR listahópnum tóku að sér að flytja bæjarbúum ljóðin.

Norræna bókasafnavikan var 10. -15. nóvember. Miðvikudaginn 12. nóvember flutti Pernilla Rein erindi um ævi Tove Jansson í tilefni 100 ára afmælis hennar og síðan voru ljósín slökkt og lesinn kafli úr bók eftir Tove. Tímarit voru til sýnis sem Tove hafði myndskreytt og einnig sýning á múmínálfaplakötum og ýmiskonar öðrum vörum með múmínálfamyndum. Einnig var haldin múmínsögustund.

Reynir Traustason kynnti nýja bók sína 29. nóvember.

13. desember var haldið bókasjall þar sem lesarinn Aðalbjörg Sigurðardóttir sagði frá sínum uppáhaldsbókum og Finnboji Hermannsson las úr nýútkominni bók sinni.



Opnunartími: Opið 13-18 virka daga og 13-16 á laugardögum, allt árið. Opnað var fyrir hádegi nokkra daga sumarsins þegar farþegar stórra skemmtiferðaskipa voru í bænum.

Útlán: Bókasafnið tekur þátt í rekstri Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, hvar.is, sem nú má finna undir sama hatti og Gegnir: leitir.is.

Tölvur/netaðgangur: Sex nettvur eru í húsinu fyrir almenna notkun, tvær af þeim eru ókeypis fyrir full-orðna í 10 mínútur. Þráðlaust net er gjaldfrjálst.

Þingeyri, Flateyri og Suðureyri: Útibúin á Þingeyri og Suðureyri eru ekki lengur opin og ekki keyptar bækur fyrir þau. Safnkosturinn er í hillum í húsnæði safnanna. Kennarar frá Grunnskólunum á Þingeyri og Flateyri koma á Bókasafnið Ísafirði og fá lánaðar bækur fyrir skólana.

Barnastarf:

Skólaheimsóknir. Skipulagðar leikskólaheimsóknir voru 26, 102 börn, auk óformlegra heimsókna. Frá Grunnskólanum á Ísafirði komu flestir bekkir frá 1.-6. bekk í kynningu á sumarlestri. Aðrar skipulagðar heimsóknir frá grunnskólum Ísafjarðarbæjar voru sjö.

Bangsadagurinn. Boðið var upp á dagskrá með bangsaðema fyrir börn í 16. skipti þann 27. október. Dagskráin var færð til kl. 16 í stað kl. 15 með tilheyrandi fjölgun, 70 börn heimsóttu safnið á bangsadaginn.

Sumarlestur barna á grunnskólaaldri var haldinn í áttunda skipti og núna var í fyrsta sinn kennurum 1. – 6. bekkjar boðið að koma með bekkina í heimsókn á bókasafnið til að fá kynningu, og þáðu flestir boðið. Hægt var að skrá þátttöku á staðnum. Sumarlesturinn stendur í 3 mánuði; júní, júlí og ágúst. 53 börn tóku þátt. Dregið var úr lukkupottinum á uppskeruhátíð í ágústlok þar sem allir fengu viðurkenningarskjal og verðlaun og átta bókaverðlaun voru dregin úr pottinum. Styrktaraðilar voru Dressupgames, Eymundsson og Markaðsstofa Vestfjarða/Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Starfsmenn og stöðugildi:

Fastráðnir starfsmenn voru þrír í 2.60 stöðugildum. Þeir voru Edda Björg Kristmundsdóttir, Helena Björk Þrastardóttir og Pernilla Rein. Vésteinn Rúnarsson var í tímavinnu til vors, sumarstarfsmaður var Hallberg Guðmundsson og Tómas Ari Gíslason var í tímavinnu september til áramóta.

Fundir og námskeið:

Starfsfólk bókasafnsins Edda, Helena og Pernilla auk Jónu Símoníu forstöðumanns Safnahúss fóru í maí í kynnisferð til vinabæjarins Kaufering í Bæjaralandi, auk heimsóknar til München. Tilgangur ferðarinnar var að skoða bókasafnið í Kaufering auk þess sem heimsótt voru tvö söfn í München. Á bókasafninu í Kaufering var haldinn kynningarfundur um Ísafjörð og starfsemina í Safnahúsinu fyrir aðila vinabæjarsamstarfsins. Edda fór á fund SFA í Grundarfirði 16.-17. maí. Pernilla fór í kynnisferð til Finnlands og Svíþjóðar. Í Helsinki sótti hún afmælisýningu um Tove Jansson og heimsótti eitt útibú borgarbókasafns Helsinki. Einnig fór hún í heimsókn á aðalsafn bæjarbókasafns Kungsbacka í Svíþjóð. Edda, Helena og Pernilla fóru á landsfund Upplýsingar á Akureyri 2. -3. október.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2014 bárust safninu 26 skjalaafhendingar og fyrirspurnir voru um 66 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Í árslok 2014 voru færslur í aðfangabók 5650 (5433)

Nokkrir einstaklingar voru við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður.

Áfram var unnið við tölvuskráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og voru fjórir starfsmenn í því verkefni. Sumarstarfsmaður á vegum vinnuskólans vann við skönnun ljósmynda.

Skjalasafnið kom að uppsetningu nokkurra sýninga á árinu, m.a. afmælisýningu Sunnukórsins, sumasýningunni og sýningu í tilefni Norræna skjaladagasins sem var sýning á sendibréfum úr fórum Björns Guðmundssonar kaupmanns á Ísafirði.

Skjalavörðurinn sótti fund héraðsskjalavarða í Vestmannaeyjum og héraðsskjalavörður sat samráðsfund héraðsskjalasafna og ÞÍ og Vestborræna skjaladaga á Grænlandi. Þá var héraðsskjalavörður tilnefndur varamaður í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns af hálfu Mennta- og menningarmálaráðuneytis.



LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn og afhendingar raðað eftir aldri mynda:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skráning	Stafrænt
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.822	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	registur	2.242
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	sýrufrítt	óskráð	
Björn Pálsson (1971)	13.159	gler s/h	1891-1915	sýrufrítt	Spjaldskrá/ exc	1.588
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	sarpur	231
M. Simson einkasafn (1990)	380	gler s/h	1915-1960	sýrufrítt	sarpur	316
M. Simson stofumyndir (1974)	29.561	gler s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur	
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð	
Sigurgeir B. Halldórsson (2008) (2014)	945	6x6 filma s/h gler	1930-1970	sýrufrítt	á vef/Sarpur	945
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	14.088	filma/pappír	1931-1980	sýrufrítt	óskráð	
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð	
Arnþrúður Aspelund stofumyndir (2007)	3.000	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur	
Arnþrúður Aspelund (2011-2012)	1.051	Pappír/ gler	1943-1974	sýrufrítt	registur	
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð	
Jón Hermannsson	10.037	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð	433
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.331	gler / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur	
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litfilma	1968-1976	sýrufrítt	registur	
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð	
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá	
Vestfirska Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti	
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur	
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti	
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	sýrufrítt	Access	
Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983-2000	sýrufrítt	Access	
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur	
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænar (JPG)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907
Kvenfélagið Ársól Suðureyri (2005)	415	pappír	1930-1940	sýrufrítt	óskráð	
Jónas Magnússon Ísafirði (2011)	4.004	pappír/filmur		sýrufrítt	óskráð	
Karitas Hafliðadóttir (2011)	169	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Margrét og Anna Halldórsdætur (2012)	155	pappír/gler sh		sýrufrítt	óskráð	
Knattspyrnufélagið Hörður (2012)	500	pappír		í vinnslu	óskráð	
Þorvaldur Jónsson læknir ofl (2012)	300	pappír	1890-1940	sýrufrítt	óskráð	
Pálsætt (2012)	45	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Gunnlaugur Finsson (2013)	250	pappír /filmur		sýrufrítt	óskráð	
Jón Hermansson (2013)	407	pappír	1950-1990	sýrufrítt	óskráð	
Sigríður J. Bjarnadóttir (2013)	100	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Hjálmar Bárðarson (2013)	119	Slides/pappír		sýrufrítt	óskráð	

Sigurður R. Ólafsson (2013)	251	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Arnar Geir Hinriksson (2013)	70	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Páll Pálsson (2013)	106	Pappír /albúm		Sýrufrítt	óskráð	106
Bórunn Gestsdóttir (2014)	184	Pappír/slides/filmur	1996-1998	Sýrufrítt	óskráð	
Ólafur Magnússon (2014)	47	Gler/pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Guðmundur Páll Einarsson (2014)	112	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Páll Guðmundsson (2014)	365	Pappír/filmur/alb		Sýrufrítt	óskráð	
Hulda Jónsdóttir (2014)	91	Pappír		Sýrufrítt	óskráð	91
Guðmundína Vilhjálmisdóttir (2014)	50	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Bakkaskjól / Eyraskjól (2014)	1000	pappír		ófrágengið	óskráð	
Samtals	456.547		1870-2007			81.787
31.12 2014						

Safninu bárust nokkur einkamyndasöfn á árinu auk þess sem bættist við söfn sem fyrir voru, t.d. Sigur-geir B. Halldórsson. Alls bættust 2022 myndir við safnið. Á árinu var að auki unnið við frágang eldri safna og eru nánast öll söfn nú komin í sýrufríar umbúðir. Á árinu 2014 fékk safnið um 80 fyrirspurnir vegna mynda auk þess sem safnið útvegaði myndir/afrit í ýmsar útgáfur á árinu. Í safninu eru nú um 455.547 filmur og ljósmyndir. Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> en síðastliðin þrjú ár hefur áhersla verið á að koma óþekktum myndum á vefinn. Töluverður árangur náðist í merkingu óþekkra mynda á árinu.

Helsu verkefni ársins 2014 voru:

Haldið var áfram að tölvusetja skrár M. Simson.

Haldið var áfram skráningu í Sarp. Við það vann nemi í safnafræðum við HÍ sem hluta af náminu.

Gengið var frá söfnum sem borist höfðu í sýrufríar umbúðir og stór hluti þeirra skannaður.

Sigurður Gunnarsson stóð fyrir sígildri ljósmyndasmiðju í samvinnu við safnið og naut til þess styrks frá Safnasjóði upp á 80.000.-

Safnið fékk einnig styrk upp á 100.000 frá sjóðnum vegna sýningar á maskamyndum en enn er unnið við hana.

Forstöðumaður, skjalavörður og safnvörður ljósmyndasafns sóttu námskeið í Sarpi. Forstöðumaður sótti Farskóla safnmanna í Berlín og fór með starfsmönnum bókasafns til Kaufering og kynnti sér rekstur og uppbyggingu safna.



SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í SAFNAHÚSINU:

Skráðir gestir á sýningum voru um 3800 (3700) - sýningar og atburðir í húsinu voru: 32

Þessar sýningar og atburðir voru í húsinu á árinu:

Ull er yndi - Bergrós Kjartansdóttir

Tindabikkjan afhent

Sitthvað úr listasafni

Vestfjarðamynd Guðlaugs Rósinkranz

Hjónavígsla

Afhending nýsköpunarverðlauna

Pólskur marz

Virðisaukinn afhentur

Ljósmyndanámskeið

Sumarlestur fyrir börn og fullorðna

Sigfúsi Eymundssyni - ljósmyndasýning

Fyrirlestur Ingu Láru Baldvinsdóttur

Pólsk kvikmyndahátíð —setning

DKG þing- móttak

Afmælissýning Sunnukórsins

Sýning á útsaumsverkum Jóns Þórs

LÚR - innsetning

Sumarsýning - sjúkrahúsið fyrr á tíð

Sýning á ljósmyndum frá Jóni Hermannssyni

Umhverfis djúpa fjörð - Hjörtur Marteinsson og Guðbjörg Lind

Uppskeruhátíð sumarlesturs

Bókasafnsdagurinn:

- Uppáhaldsbækurnar mínar: Svanhildur Þórðardóttir, bókanörd.
- Tilkynnt um vinningshafa í leiknum Sumarlestur fyrir fullorðna.
- Bækur með súkkulaðiídfýfu (Vangaveltur um hönnun og umbrot bóka): Nína Ivanova,

Ljosið kemur langt og mjótt—örsýning

Listamannspjall og ljóðalestur—Guðbjörg Lind og Hjörtur



Veturnætur :

- Bókamarkaður

- Ljóðalestur

Tóbakspontur— örsýning á vegum BSV

Bangsadagurinn

Norræni skjaladagurinn

Norræna bókasafnavikan Tove Jansson— m.a. fyrirlestur Pernillu Rein

Reynir Trausta las úr bók sinni Afhjúpun

Dagbjört Ásgeirsdóttir með sögustund fyrir börn

Jólasýning safnanna

Húslestrar ársins voru alls einn og í samstarfi við Kómedíuleikhúsið

Húsið opið tvo morgna fyrir rútur af skemmtiferðaskipum



STARFSMENN:

Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Helena Björk Þrastardóttir, bókavörður (100%) , Pernilla Rein, bókasafnsfræðingur (60%) og Hallberg Brynjar Guðmundsson, Vésteinn Rúnarsson og Tómar Ari Gíslason bókaverðir í hlutastarfi. Davíð Kristjánsson bókavörður á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Marías Þórðarson á Suðureyri. Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Ester Ingadóttir, Sigríður Káradóttir, Svanhildur Þórðardóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir . Þá vann einn piltur úr vinnuskólanum fyrir söfnin hluta úr sumri. Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður (100%).